

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundasköp bæjarstjórnar frá 5. febrúar 1974, nr. 64/1974.

1. gr.

35. gr. samþykktanna orðist svo:

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn, auk þeirra, sem áður getur, til þess að fara með tiltekin málefni, eftir því sem lög mæla fyrir:

A. Til eins árs:

1. Þrjú bæjarfulltrúa og þrjú til vara í bæjarráð.
 2. Fimm menn í byggingarnefnd og fimm til vara.
 3. Fimm menn í félagsmálaráð og fimm til vara.
 4. Fjóra menn í hafnarstjórn og fjóra til vara.
 5. Tvo menn í stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar svo og tvo endurskoðendur.
 6. Fimm menn í framtalsnefnd og fimm til vara.
 7. Fimm menn í brunamálanefnd og fimm til vara.
 8. Kjörstjórn við bæjarstjórnarkosningar.
 - a) Þrjú menn í yfirkjörstjórn og þrjú til vara.
 - b) Þrjú menn í hverja undirkjörstjórn og þrjú til vara.
- Kjörstjórnir við alþingiskosningar.
- a) Þrjú menn í hverja hverfiskjörstjórn og þrjú til vara.
 - b) Þrjú menn í hverja undirkjörstjórn og þrjú til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Hafnarfjarðar og fjóra til vara.
2. Þrjú menn í náttúruverndarnefnd og þrjú til vara.
3. Þrjú menn í gróðurverndarnefnd.
4. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara.
5. Fimm menn í fræðsluráð og fimm til vara.
6. Fimm menn í bókasafnsstjórn og fimm til vara.
7. Fimm menn í heilbrigðisráð og fimm til vara.
8. Þrjú menn í skólanefnd Iðnskóla Hafnarfjarðar og þrjú til vara.
9. Tvo menn til að annast forðagæslu.
10. Sex menn í áfengisvarnarnefnd.
11. Þrjú menn í húsaleigunefnd og þrjú til vara.
12. Þrjú menn í stjórn verkamannabústaða í Hafnarfirði og þrjú til vara.

2. gr.

36. gr. samþykktanna orðist svo:

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn samkvæmt sérstökum samþykktum.

A. Til eins árs:

1. Fimm menn í útgerðarráð og fimm til vara.
2. Þrjú menn í stjórn Rafveitu Hafnarfjarðar og þrjú til vara.
3. Tvo menn í stjórn Lýsi & Mjöl hf. og tvo til vara.
4. Þrjú menn í gatnanafnanefnd.
5. Þrjú menn í byggðasafnsnefnd.
6. Þrjú menn í atvinnumálanefnd og þrjú til vara.
7. Einn mann í fjallskilanevnd.
8. Þrjú menn í fegrunarnefnd.
9. Fimm menn í æskulýðsráð og fimm til vara.
10. Þrjú menn í umferðarnefnd og þrjú til vara.
11. Þrjú menn í framkvæmdanevnd leiguíbúða.

B. Til fjögurra ára:

1. Fimm menn í skipulagsnefnd og fimm til vara.
2. Einn bæjarfulltrúi í stjórn Eftirlaunasjóðs Hafnarfjarðarkaupstaðar.
3. Þrjú menn í íþróttaráð.
4. Einn markavörð.
5. Þrjú menn í stjórn Sólvangs.
6. Einn mann í stjórn St. Jósepsspítala.
7. Einn mann í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands og einn til vara.
8. Einn mann í Bláfjallanefnd.
9. Einn mann í stjórn Reykjanesfólkvangs.
10. Þrjú menn í jafnréttisnefnd og þrjú til vara.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júní 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

10. júní 1982.

Nr. 334.

REGLUGERÐ

um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

1. gr.

Landinu er skipað í bústaðasvæði, og hefur hvert bústaðasvæði ákveðna gildistölu. Bústaðasvæðin og gildistölur þeirra eru sem hér segir:

Gildistala

Bústaðasvæði

- 1.0 Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Keflavík, Keflavíkurlugvöllur, Njarðvíkurkaupstaður, Mosfellssveit, Akureyri, Selfoss og Hveragerði.
- 0.6 Kjalarnes, kauptún á Reykjanesi nema Hafnir, svo og sveitir á Reykjanesi nema Hafnahreppur.
- 0.5 Akranes og Vestmannaeyjar.